

REGLUGERÐ**um veiðar í þorskfisknet.**

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 15. maí 1980, er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum, án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða skipa.

3. gr.

Ráðuneytið getur með tilkynningu í útvarpi fellt úr gildi leyfi til veiða í þorskfisknet ákveðið tímabil eða frá ákveðnum degi og eru þá allar veiðar í þorskfisknet hannaðar það tímabil eða frá þeim degi.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, er rísa kunna af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnisins til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.